

Nd.

160. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsíma-kerfi Íslands.

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson.

Meðal talsímasambanda þeirra, er talin eru í 4. gr. laga nr. 35, 20. okt. 1913, skal telja símalínu frá Borgarnesi um Mýrasýslu- og Hnappadalssýslu að Hjarðarfelli.

Ástæður:

Þegar símalína var lögð í Borgarnes út frá aðallínunni milli Reykjavíkur og Borðeyrar, töldu allir, sem þektu bygðaskipun vestur á bóginn, sjálfsagt, að símalína til Stykkishólms yrði lögð beina leið frá Borgarnesi um Hjarðarfell til Stykkishólms. Símastjóri gaf góðar vonir um, að svo mundi verða. Þetta fór þó annan veg. Vegalengdin er um 70 km. óslitin bygð um 6 hreppa. Hjeraðsbúar þrá mjög síma á þessari leið með fram veginum frá Borgarnesi til Stykkishólms, og munu á sínum tíma vilja allmikið á sig leggja til þess að koma þessu í verk.

Rjett þykir því að taka þessa leið frá Borgarnesi að Hjarðarfelli upp í tölu talsímasambanda þeirra, er getur um í frumvarpinu. Nánari greinargerð væntanleg í framsögu.